

OPIÐ BRÉF

101

14. júní

um að hans konunglega tign Knud, Íslands prins og Danmerkur,
sé settur ríkisstjóri.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Það Vér höfum í hyggju að ferðast til útlanda og með því að hans konunglega tign ríkisarfi þá um leið dvelur erlendis, setjum Vér ríkisstjóra samkvæmt 1. gr. í lögum nr. 25 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn, er svo stendur á að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjarverandi, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, son Vorn elskulegan, hans konunglegu tign prins Knud Christian Frederik Michael, og hefir hann ríkisstjórn á hendi í Voru nafni frá þessum degi, þangað til Vér komum heim aftur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

AUGLÝSING

102

14. júní

um yfirlýsingu milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar
um samkynja hlutleysisákvæði.

Samkvæmt 17. gr. stjórnarskrárinnar, og eftir þegnlegum tillögum forsætisráðherra, hefir Hans hátign konunginum 19. f. m. allramildilegast þóknast að ákveða, að Ísland tæki þátt í yfirlýsingu um ofanritað efni, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem undirrituð var í Stokkhólmi, þann 27. maí 1938.

Yfirlýsingin birtist hér með á íslenzku og frönsku og er svo hljóðandi:

Déclaration.

Yfirlýsing
milli Íslands, Danmerkur, Finnlands
Noregs og Svíþjóðar um samkynja
hlutleysisákvæði.

Les Gouvernements de Danemark, de Finlande, d'Islande, de Norvège et de Suède,

considérant qu'il est hautement désirable que les règles de neutralité appliquées par eux en cas de guerre entre des Puissances étrangères soient similaires,

Stjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hafa gert texta þá að hlutleysisákvæðum, sem hér eru festir við, með því að æskilegt þykir, að samkynja hlutleysisákvæðum verði fylgt í þessum löndum í ófriði milli erlendra ríkja.